

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 23. maí 2003

um að setja sérstök skilyrði fyrir markaðssetningu á dýrategundum, sem eru aldar og ræktaðar í sjó eða vatni og eru ekki taldar næmar fyrir tilteknum sjúkdómum, og afurðum úr þeim dýrum

(tilkynnt með númeri C(2003) 1641)

(Texti sem varðar EES)

(2003/390/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB⁽²⁾, einkum 10. gr. (3. mgr.), 14. gr. (1. og 3. mgr.) og 14. gr. (önnur undirgrein 4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 91/67/EBE eru settar kröfur og ákvæði um setningu viðeigandi skilyrða fyrir markaðssetningu á svæðum og eldisstöðvum, sem eru með viðurkennda áætlun eða stöðu, á lifandi eldisfiski, lindýrum og krabbadýrum, ásamt hrognum þeirra og sviljum, sem eru ekki af smitnæmu tegundunum sem um getur í 2. dálki II. skrár í viðauka A við þá tilskipun.
- 2) Í tilskipun 91/67/EBE er kveðið á um undantekningar frá þessum kröfum að því er varðar tegundir, sem eru ekki smitberar viðkomandi sjúkdóms, þ.e. þegar sýnt þykir að ekkert aðfengið smit berst þegar dýr, sem eru alin og ræktað í sjó og vatni, ásamt hrognum þeirra og sviljum, sem eru ekki af smitnæmu tegundunum, eru flutt frá svæði, sem er ekki viðurkennt, til viðurkennds svæðis. Í þeirri tilskipun er einnig kveðið á um að gerð skuli skrá yfir dýr sem eru alin og ræktað í sjó og vatni og undanþágan gildir um.
- 3) Nægar vísbindingar liggja fyrir um að tilteknar lindýrategundir eru ekki smitnæmar að því er varðar ostruveiki (*Bonamia ostreae*) og martelíuveiki (*Marteilia refringens*) og ekkert aðfengið smit berst með þeim. Því skal þeim bætt við skrána.

4) Í tilskipun 91/67/EBE er kveðið á um að lifandi eldisfiski og lindýrum skuli fylgja flutningsskýrslur þegar þau eru flutt inn á svæði og eldisstöðvar sem eru með viðurkennda áætlun eða stöðu. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/22/EBE frá 11. desember 1992 um fyrirmyndir að flutningsskýrslunum, sem um getur í 14. gr. tilskipunar ráðsins 91/67/EBE⁽³⁾, eru settar fram fyrirmyndir að flutningsskýrslunum. Til glöggvunar skulu fyrirmyndirnar að flutningsskýrslunum uppfærðar og í stað ákvörðunar 93/22/EBE komi þessi ákvörðun.

5) Í tilskipun 91/67/EBE er kveðið á um að markaðssetning lindýra, sem um getur í 2. dálki II. skrár í viðauka A við þá tilskipun, skuli vera háð viðbótartryggingum, m.a. varðandi uppruna lindýranna. Notkun þessara trygginga leiðir til þess að nægt framboð á lindýrum verður erfiðleikum háð. Til samræmis við það verður með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/55/EBE⁽⁴⁾, eins og henni var breytt með ákvörðun 93/169/EBE⁽⁵⁾, breyting á tryggingum í tengslum við flutning lindýra til svæða þar sem áætlun um að sýna fram á að svæðið sé laust við ostruveiki (*Bonamia ostreae*) og martelíuveiki (*Marteilia refringens*) hefur verið samþykkt. Uppfæra ber ákvæði ákvörðunar 93/55/EBE og til frekari glöggvunar komi ákvæði þessarar ákvörðunar í þeirra stað.

6) Í þessari ákvörðun er tekið tillit til nýrra, vísindalegra gagna og tilmæla frá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni (OIE).

7) Þessi ákvörðun er með fyrirvara um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð og því eru fyrirmyndir hennar að skýrslunum ekki nauðsynlegar þegar dýr, sem eru alin og ræktað í sjó og vatni, ásamt hrognum þeirra og sviljum eru markaðssett beint til manna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.
⁽²⁾ Stjtið. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 16, 25.1.1993, bls. 8.
⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 14, 22.1.1993, bls. 24.
⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 71, 24.3.1993, bls. 16.

8) Veita skal nægan tíma til að fullnægja þessum nýju kröfum um vottorð.

3. gr.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

Flutningsskýrslur

Þegar dýr, sem eru alin og ræktað í sjó og vatni, ásamt hrognum þeirra og sviljum og sem þessi ákvörðun gildir um, eru flutt inn á svæði og eldisstöðvar með viðurkennda áætlun eða stöðu, skulu fylgja þeim flutningsskýrslur og þau skulu uppfylla kröfurnar sem um getur í fyrirmyndinni að flutningsskýrslu, sem er sett fram í I. viðauka, með tilliti til skýringanna í II. viðauka.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið og viðfangsefni

1. Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um:

- a) heilbrigðisskilyrði sem hafa áhrif á markaðssetningu á dýrum, sem eru alin og ræktað í sjó og vatni, ásamt hrognum þeirra og sviljum sem eru ekki smitnæm fyrir sjúkdómunum sem um getur í I. dálki II. skrár í viðauka A við tilskipun 91/67/EBE á svæðum og eldisstöðvum sem hafa viðurkennda áætlun eða stöðu,
- b) fyrirmyndir að flutningsskýrslunni sem kveðið er á um í 1. og 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 91/67/EBE og
- c) skrá yfir dýrategundir, sem eru aldar og ræktaðar í sjó og vatni, sem undanþágan, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 4. mgr. 14. gr. í þeirri tilskipun, gildir um.

2. Þessi ákvörðun gildir ekki um markaðssetningu beint til manneldis á dýrum, sem eru alin og ræktað í sjó og vatni, hrognum þeirra og sviljum og um getur í 1. mgr.

2. gr.

Í þessari ákvörðun gilda skilgreiningarnar í 2. gr. tilskipunar 91/67/EBE, 2. gr. tilskipunar ráðsins 93/53/EBE frá 24. júní 1993 um lágmarksráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum físksjúkdómum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/288/EB ⁽²⁾, og 2. gr. tilskipunar ráðsins 95/70/EB frá 22. desember 1995 um lágmarksráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum sjúkdómum sem herja á lindýr ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/83/EB ⁽⁴⁾.

4. gr.

Tegundir sem eru ekki smitberar

Samkvæmt annarri undirgrein 4. mgr. 14. gr. tilskipunar 91/67/EBE er í III. viðauka við þessa ákvörðun sett fram skrá yfir dýrategundir, sem eru aldar og ræktaðar í sjó og vatni og undanþágan, sem um getur í fyrstu undirgrein, gildir um.

5. gr.

Niðurfelling

Ákvarðanir 93/22/EBE og 93/55/EBE eru felldar úr gildi. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvarðanirnar sem tilvísanir í þessa ákvörðun.

6. gr.

Gildissvið

Ákvörðun þessi gildir frá 2. ágúst 2003.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. maí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 175, 19.7.1993, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 99, 10.4.2001, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 332, 30.12.1995, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 32, 7.2.2003, bls. 13.


I. VIÐAUKI

Flutningsskýrsla vegna markaðssetningar á [lifandi fiski,] ⁽¹⁾ [lindýrum,] ⁽¹⁾ [krabbadýrum,] ⁽¹⁾ [hrognum þeirra og sviljum] ⁽¹⁾, sem eru ekki af smitnæmu tegundunum sem um getur í 2. dálki II. skrár í viðauka A við tilskipun ráðsins 91/67/EEB, til ræktunar, undaneldis, frekari ræktunar, slátureldis eða umlagningar á svæðum og eldisstöðvum ef Bandalagið hefur viðurkennt áætlun eða stöðu þeirra með tilliti til [ostruveiki (*Bonamia ostreae*)] ⁽¹⁾, [iðradreps (*Marteilia refringens*)] ⁽¹⁾, [og] ⁽¹⁾ [veirublæðis (VHS)] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [iðradreps (IHN)] ⁽¹⁾

Tilvísunarkóðanúmer

FRUMRIT

1. Upprunastaður sendingar		2. Viðtökustaður sendingar	
1.1. Upprunaaðildarríki:		2.1. Aðildarríki:	
.....		
1.3. Upprunaeldisstöð, heiti ⁽¹⁾ :		2.2. Svæði eða hluti ⁽³⁾ ⁽⁴⁾ aðildarríkisins:	
.....		
1.4. Heimilisfang eða staðsetning eldisstöðvar:		2.3. Viðtökueldisstöð ⁽¹⁾ , heiti:	
.....		
1.5. Uppskerustaður ⁽²⁾ :		2.4. Heimilisfang eða staðsetning eldisstöðvar:	
.....		
1.6. Nafn, heimilisfang og símanúmer sendanda:		2.5. Viðtökustaður ⁽⁵⁾ :	
.....		
.....		2.6. Nafn, heimilisfang og símanúmer viðtakanda:	
.....		
3. Flutningataeki og auðkenning sendingar ⁽⁶⁾			
3.1. [Vöruflutningabifreið] ⁽¹⁾ [Járnbrautarvagn] ⁽¹⁾ [Skip] ⁽¹⁾ [Loftfar] ⁽¹⁾ :			
3.2. [Skráningarnúmer] [Heiti skips] ⁽¹⁾ [Flugnúmer] ⁽¹⁾ :			
3.3. Upplýsingar um auðkenningu vörusendingar:			
4. Lýsing á sendingunni			
<input type="checkbox"/> Fiskar			
<input type="checkbox"/> Lindýr			
<input type="checkbox"/> Krabbadýr			
<input type="checkbox"/> Stofnar í eldi		<input type="checkbox"/> Villtir stofnar	<input type="checkbox"/> Lifandi dýr
<input type="checkbox"/> Ófrjóvguð hrogn		<input type="checkbox"/> Lirfur/seiði	<input type="checkbox"/> Svil
<input type="checkbox"/> Frjóvguð hrogn			<input type="checkbox"/> Frjóvguð hrogn
Tegundir		Heildarþyngd sendingar Fjöldi [fiska] ⁽¹⁾ [lindýra] ⁽¹⁾ [krabbadýra] ⁽¹⁾	Rúmmál [hrogna] ⁽¹⁾ [svilja] ⁽¹⁾
Visindaheiti:	Almennt heiti:		

<p>5. Heilbrigðisvottun</p> <p>Ég, undirritaður, votta hér með að [fiskur] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [lindýr] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [krabbadýr] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [hrogn] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [svil] ⁽¹⁾ í þessari sendingu eru ekki af smitnæmu tegundunum sem um getur í 2. dálki II. skrár í viðauka A í tilskipun 91/67/EBE og:</p> <p>5.1. annaðhvort ⁽¹⁾ [eru þau upprunnin á eftirfarandi svæði: ⁽¹⁾, sem er viðurkennt með tilliti til: [ostruveiki (<i>Bonamia ostreae</i>)] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [martelíuveiki (<i>Marteilia refringens</i>)] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [veirublæðis] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [iðradreps] ⁽¹⁾, í samræmi við ákvörðun ⁽⁴⁾ og]</p> <p>eða ⁽¹⁾ [eru upprunnin í eftirfarandi eldisstöð: ⁽¹⁾, sem er viðurkennd með tilliti til: [ostruveiki (<i>Bonamia ostreae</i>)] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [martelíuveiki (<i>Marteilia refringens</i>)] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [veirublæðis] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [iðradreps] ⁽¹⁾, í samræmi við ákvörðun ⁽⁴⁾ og]</p> <p>eða ⁽¹⁾ [eru upprunnin í eftirfarandi eldisstöð ⁽⁷⁾ þar sem er enginn [fiskur] ⁽¹⁾ [eða] ⁽¹⁾ [lindýr] ⁽¹⁾ [eða] ⁽¹⁾ [krabbadýr] ⁽¹⁾ af smitnæmu tegundunum, sem um getur í 2. dálki II. skrár í viðauka A við tilskipun 91/67/EBE, og sem tengist ekki árfarvegi eða vatnasvæði við strönd eða ármynni og]</p> <p>eða ⁽¹⁾ [eru af tegundunum sem um getur í III. viðauka við ákvörðun 2003/390/EB ⁽⁸⁾ og]</p> <p>5.2. uppfylla eftirfarandi kröfur:</p> <p>a) þau hafa ekki frá því þau voru [upp skorin] ⁽¹⁾ [veidd] ⁽¹⁾ komist í snertingu við önnur óheilbrigðari, lifandi lagadýr, hrogn eða svil eða aðrar tegundir en þær sem eru skráðar í III. viðauka við ákvörðun 2003/390/EB ⁽⁸⁾ og</p> <p>b) þau eru hvorki ætluð til eyðingar né slátrunar vegna upprætingar á sjúkdómunum sem eru skráðir í 1. dálki í viðauka A við tilskipun 91/67/EBE eða í viðauka D við tilskipun 95/70/EB [eða vegna óeðlilegra affalla sem stafa af öðrum sjúkdómsvaldi] ⁽⁹⁾ og</p> <p>c) þau eru ekki upprunnin í eldisstöð sem fellur undir bann af ástæðum sem flokkast undir dýraheilbrigði og</p> <p>d) þau voru rannsökuð á fermingardegi og sýndu engin klínísk merki um sjúkdóma, [þ.m.t. engin óeðlileg afföll] ⁽⁹⁾ og</p> <p>e) þau voru skoðuð sjónrænt [a.m.k. 1000 lindýr sem voru valin handahófskennt úr sendingunni] ⁽⁹⁾ ⁽¹⁰⁾ [dæmigerður hluti sendingarinnar sem var valinn handahófskennt] ⁽¹¹⁾, þ.m.t. hver hluti af mismunandi uppruna, og ekki fundust aðrar tegundir en þær sem voru tilgreindar í 4. lið þessa vottorðs og</p> <p>f) gæði [vatns] ⁽¹⁾ [íss] ⁽¹⁾, sem þau eru sett í, breyta ekki heilbrigðisástandi þeirra og</p> <p>g) þau hafa verið sett í [innsiglaða, hreina, vatnspétta gáma sem áður hafa verið sóttthreinsaðir með viðurkenndu sóttthreinsiefni og skulu hafa læsilegan merkimiða á ytra byrði] ⁽¹⁾ [skip, þar sem lestin og röra- og dælukerfin hafa áður verið sóttthreinsuð með viðurkenndu sóttthreinsiefni og sem fylgir farmskrá] ⁽¹⁾ með viðeigandi ⁽¹²⁾ upplýsingum sem um getur í 1. og 2. lið þessa vottorðs og með eftirfarandi yfirlýsingu:</p> <p>[Lifandi [fiskur] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [lindýr] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [krabbadýr] ⁽¹⁾ ⁽¹⁾, [hrogn [fiska] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [lindýra] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [krabbadýra] ⁽¹⁾ ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [svil] ⁽¹⁾ [fiska] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [lindýra] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [krabbadýra] ⁽¹⁾ ⁽¹⁾] sem eru ekki af smitnæmu tegundunum sem um getur í 2. dálki II. skrár í viðauka A við tilskipun 91/67/EBE, sem er heimilt að setja á markað í Bandalaginu, þ.m.t. ef Bandalagið hefur viðurkennt áætlun eða stöðu svæðisins og eldisstöðvanna með tilliti til [ostruveiki (<i>Bonamia ostreae</i>)] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [iðradreps (<i>Marteilia refringens</i>)] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [veirublæðis] ⁽¹⁾ [og] ⁽¹⁾ [iðradreps] ⁽¹⁾</p>	
<p>Gjört í (Staður)</p> <p style="text-align: center;">  </p>	<p>hinn (Dags.)</p> <p>..... (Undirritun opinbers eftirlitsmanns)</p> <p>..... (Nafn með hástöfum, menntun og titill)</p>

Athugasemdir

- (¹) Stríkið yfir það sem á ekki við.
- (²) Tilgreinist ef staðurinn er annar en upprunastaður.
- (³) Lýsing á svæðinu.
- (⁴) Tilvísun í þá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem er viðurkenningunni til grundvallar.
- (⁵) Tilgreinist ef eldisstöð er önnur en viðtökueldisstöð.
- (⁶) Tilgreina skal skráningarnúmer járnbrautarvagna eða vöruflutningabíla og heiti skips eftir því sem við á. Tilgreina skal flugnúmer loftfarsins ef það er þekkt. Þegar um er að ræða flutning í gámum eða kössum skal tilgreina heildarfjölda þeirra, skráningarnúmer og innsiglisnúmer, ef um slikt er að ræða, skv. lið 3.3.
- (⁷) Heiti og heimilisfang eldisstöðvar.
- (⁸) Stjtið. EB L 135, 3.6.2003, bls. 19.
- (⁹) Á við um sendingar lindýra: stríkið yfir það sem á ekki við.
- (¹⁰) Allar samlokur skulu skoðaðar sjónrænt ef færri en 1000 dýr eru í sendingunni.
- (¹¹) Á við um sendingar fisks og/eða krabbadýra: stríkið yfir það sem á ekki við.
- (¹²) Aðildarríki og viðtökusvæði (eftir því sem við á), ásamt nafni og símanúmeri sendanda og viðtakanda.

II. VIÐAUKI

Skýringar fyrir flutningsskýrslur og merkingu

- a) Lögbær yfirvöld upprunaaðildarríkisins skulu gefa út flutningsskýrslur á grundvelli fyrirmyndarinnar í I. viðauka við þessa ákvörðun, að teknu tilliti til tegundanna í sendingunni og stöðu viðtökustaðarins.
- b) Frumrit hvers flutningsskýrslu skal vera á einu blaði, áprentað báðum megin, eða form þess skal vera þannig, ef þörf er á tveimur blöðum eða fleiri, að allar síðurnar myndi hluta af samþættri og órjúfanlegri heild.

Merkja skal hverja síðu frumritsins með orðinu „frumrit“ efst hægra megin og það skal bera sérstakt kóðanúmer sem lögbæra yfirvaldið gefur út. Allar síður flutningsskýrslunnar skulu tölusettar — (*blaðsíðunúmer*) af (*heildarsíðufjöldi*).

- c) Frumrit flutningsskýrslunnar og merkimiðarnir, sem um getur í fyrirmynd að flutningsskýrslu, skulu vera a.m.k. á einu opinberu tungumáli viðtökuaðildarríkisins. Aðildarríkin geta þó heimilað önnur tungumál ásamt opinberri þýðingu ef þörf krefur.
- d) Frumrit flutningsskýrslunnar verður að vera fullgert á feringardegi sendingarinnar með opinberum stimpli og áritað af opinberum skoðunarmanni sem lögbæra yfirvaldið tilnefnir. Með því skal lögbært yfirvald upprunaaðildarríkisins tryggja að fylgt sé meginreglunum um vottorð sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 96/93/EB (Stjtið. EB L 13, 16.1.1997, bls. 28).

Undirskrift og stimpill, nema hann sé upphleyptur, skulu vera í öðrum lit en prentaði textinn.

- e) Ef viðbótarblöð eru fest við flutningsskýrsluna til auðkenningar á vörum í sendingunni skulu þau teljast hluti af frumritinu og skal opinber skoðunarmaður árita og stimpla hverja síðu.
- f) Frumrit flutningsskýrslunnar verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur á viðtökustað.
- g) Flutningsskýrslan skal gilda í 10 daga frá útgáfudegi. Þegar um er að ræða flutninga með skipi skal gildistíminn lengdur sem nemur lengd sjóferðarinnar.
- h) Lagardýrin, hrogn þeirra og svil skulu ekki flutt með öðrum óheilbrigðari lagardýrum eða hrognum þeirra og sviljum. Ekki má heldur flytja þau við nein önnur skilyrði sem hafa áhrif á heilbrigðisástand þeirra.

III. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir eldisdýra sem teljast ekki smitnæmar eða smitberar fyrir tiltekna sjúkdóma

Lindýrasjúkdómur (sjúkdómsvaldur)	Lindýrategund
Ostruveiki (<i>Bonamia ostreae</i>)	Risaotra <i>Crassostrea gigas</i> Kræklingar <i>Mytilus edulis</i> og <i>M. galloprovincialis</i> Dúkaskel <i>Ruditapes decussatus</i> Maniluskel <i>Ruditapes philippinarum</i>
Marteliuveiki (<i>Marteilia refringens</i>)	Risaotra <i>Crassostrea gigas</i>